



Morgunblaðið/G.Rúnar

Hestar Tveir glófextir með einn gráan á milli sín. Brúnn er algengasti hestalitirinn í dag samkvæmt Bergljótu.

unum, því mig langaði að hafa þau til sýnis á hestaleigunni svo fólk gæti átt að sig á litunum. Þau hár eru nú til sýnis í krukku á Kjarvalsstöðum," segir Bergljót og hlær.

Það sem er einstakt við íslensku hestalitina er fjölbreytileikinn og það má meðal annars þakka íslenskum hrossabændum að sögn Bergljótar.

„Þeir hafa staðið sig vel í að halda lita-fjölbreytninni við. Litaafbrigðin eru gríðarlega mörg en grunnlitirnir eru: grár, rauður, brúnn, jarpur, leirljós, moldóttur, bleikur, móálóttur og vindóttur. Svo eru blæbrigðin af þeim mjög mörg og auðkennin líka. Blæbrigði er eins og glóbrúnn eða ljós-jarpur. Auðkennin eru t.d. skjótt, blesótt og sokkótt. Svo koma líka önnur einkenni eins og glófext, vindhætt og hringeykt. Engin önnur hestakyn eru með slíkan fjölbreytileika. Ég hef verið mikið innan um útlendinga á hestaleigunni og í hestaferðunum og þeim þykir mjög spennandi að velta fyrir sér þessum litablæbrigðum.“

Velur ekki eftir litnum

Bergljót hefur ekki áhyggjur af að þessi litafjölbreytni muni tapast úr íslenska hrossastofninum. „Mér finnst allir



HESTALITIR

Fjölbreytt litbrigði

Svartur, brúnn, móbrúnn, dökkjarpur, korjarpur, ljós-jarpur, rauðjarpur, bleikálóttur, dökkbleikálóttur, ljós-bleikálóttur, bleikur, dökk-bleikur, fífilbleikur, fölbleikur, rauðbleikur, grár, albinói, ljós-grár, steingrár, leirljós, dökk-leirljós, ljósljós, moldóttur, gulmoldóttur, ljósmoldóttur, móálóttur, dökkmóálóttur, ljósmóálóttur, rauður, dreyrrauður, dumbrauður, dökkrauður, rauðglófextur, sótrauður, skjóttur, bleikálóttur, bleikskjóttur, brúnskjóttur, gráskjóttur, jarpur, móskekkjóttur, rauðskjóttur, glámóttur, hjálmóttur, höttóttur, kinnskjóttur, slettuskjóttur, vindóttur, dökkmóvindhóttur, ljósmóvindhóttur, sótvindhóttur, rauðvindhóttur, rauðlitfóttur, brúnlitfóttur, jarplitfóttur, mólitfóttur, bleikálóttur, litfóttur, bleiklitfóttur.
Heimild: www.847.is

vera svo vakandi í kringum ræktun íslenska hestsins, allir eru að vanda sig og hafa áhuga á að halda litunum við. Það eru samt alltaf ákveðnir grunnlitir mest áberandi, t.d. er brúnn ríkjandi núna en rauður litur var algengari áður.“

Spurð hvort hún eigi uppáhalds-hestalit segir Bergljót það nú ekki vera. „Þeir eru skemmtilegir sem maður sér sjaldnar. Annars finnst mér fjölbreytileikinn skemmtilegastur. Ég er sjálf ekkert í ræktun en ég á eina meri sem er sérkennileg á litinn. Hún er sótrauð með grásprengr tagl og fax, hringeyg og blesótt. Ég setti hana nú bara undir voða fallegan jarpan graðhest um daginn, ekki með það í huga að fá sérkennilegan lit. Í hestaleigunni er nauðsynlegt fyrir mig að vera með alveg tamda hesta svo ég hef ekki verið í neinni ræktun. Ég sæk bara í mjög góða hesta en vel þá ekki eftir litum.“

Landsmót hestamanna hefst í Skagafirði á morgun. Bergljót má ekki vera að því að fara þangað enda háannatími á hestaleigunni. „Það er alltaf að verða meira að gera, bæði verið aukning á Íslendingum og útlendingum. Við ríðum bæði um Rauðhóla og Hólmsheiðina og þarna er hægt að fara í einn útreiðatúr og sjá fjögur stöðuvötn en samt alltaf verið innan borgarmarka Reykjavíkur. Endalaust fallett,“ segir Bergljót að lokum.

www.islenskihesturinn.is

Brákarhátíð í Borgarnesi



Morgunblaðið/Guðrún Vala

Brákarhátíð Frá skrudgöngunni á Brákarhátíðinni í Borgarnesi í fyrra.

Hátíð fyrir kvenhetju

Ingveldur Geirsdóttir
ingveldur@mbl.is

Brákarhátíðin verður haldin í þriðja sinn í Borgarnesi í dag. Hugmyndin að hátíðinni er sótt til Egilssögu og hinnar mögnuðu ambáttar Þorgerðar brákar. „Þetta er skemmtileg bæjarhátíð sem sækir hugmyndina í söguna og víkingamenninguna. Brák var mikil hetja og við segjum stundum að hún sé fyrsta íslenska hetjan því hún fórnaði lífi sínu fyrir barn sem hún var að passa, sem var Egill Skallagrímsson. Í sögunni hljóp hún niður Borgarnesið og stakk sér til sunds til að reyna að bjarga lífi sínu en henni var dregt þar, steini var hent milli herða hennar. Það er alltaf verið að tala um víkinga sem fóru út og drápu mann og annan en hin raunverulega hetja er manneskjan sem sýndi umhyggju og ást og kenndi Agli skáldskapinn og fórnadi svo lífi sínu fyrir hann,“ segir Sigríður Margrét Guðmundsdóttir í Landnámssetrinu. Hún er ein þeirra sem standa að hátíðinni. „Það er félagsskapur sem heitir Neðribæjarsamtökin í Borgarnesi sem stendur fyrir hátíðinni. Í þeim samtökum er fólk sem hefur áhuga á því að efla mannlífið í bænum.“ Borgnesingar hafa alltaf haldið nafni

Brákar á lofti og er mörg örnefni að finna tengd henni í bænum, t.d. Brákarbraut, Brákarsund og litlu og stóru Brákarey.

Margt verður um að vera í bænum í dag. Hátíðin hefst kl. 10 á leðjubolta í fjörunni í Englendingavík. Kl. 11 verður Brákarhlaup ræst frá Grana-staðatúni, en Brák hljóp niður nesið á flóttu undan Skallagrími. Hlaupnir verða 10 km og 2,5 km. Á sama tíma verður búningagerð fyrir börnin.

„Síðan verður mikil skrudganga frá Brákarsundi sem risabruður leiða. Bernd Ogronnik vann brúðurnar fyrir hátíðina í fyrra með krökkunum í vinnuskólanum en þær eru af Brák, Agli, Skallagrími og Þórði Granasyni. Það mæta líka víkingar úr Hringhorna og Rimmugýgi í fullum skrudum og verða með víkingahátíð í garðinum,“ segir Sigríður.

Bænum hefur verið skipt í hverfi eftir litum og um kvöldið verður götugrill. „Eftir það verður safnast saman við menntaskólann og gengið fylktu liði við harmónikkuleik niður í Englendingavík þar sem kvöldvaka hefst,“ segir Sigríður sem er að vonum spennit fyrir fjörugum degi.

www.brakarhatid.is



Orkulykillinn hefur ekkert nema góðar hliðar. Hafðu hann á kippunni og tryggðu þér:

- 2 kr. afslátt hjá Orkunni
- 4 kr. afslátt hjá Shell
- 5 kr. afslátt á Ofurdögum
- 10 kr. afslátt í fyrstu 2 skiptin
- 10 kr. afslátt á afmælisdaginn
- Afslátt af bílavörum
- Afslátt af smurþjónustu
- Afslátt af bílapvotti
- Greiðslumöguleika á Stöðinni
- Orkuvernd (verðstefna Orkunnar)
- Reglulega endurgreiðsluleiki
- Sérmerkingar lykla

Sæktu um Orkulykilinn í dag á www.orkan.is

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRÍ!